

Föstudaginn 7. apríl 1995.

Nr. 120/1995.

Sigrún Júlíusdóttir

Júlía Sjöfn Sigurjónsdóttir og

Ásdís Sigrún Sigurjónsdóttir

(Ólafur Birgir Árnason hrl.)

gegn

Unnbjörgu Eygló Sigurjónsdóttur og

Jónasi Hreini Sigurjónssyni

(Jónatan Sveinsson hrl.)

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 21. mars 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 6. apríl 1995. Kæruheimild er í c-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 13. mars sl. vegna dómkvaðningar matsmanna. Sóknaraðilar krefjast þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið, að synjað verði um dómkvaðningu matsmanna. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði, leita varnaraðilar dómkvaðningar matsmanna til að staðreyna verðgildi hrossa, sem þau kveða móður sína, sóknaraðilann Sigrúnu Júlíusdóttur, hafa í vörslum sínum í skjóli leyfis til setu í óskiptu búi eftir föður varnaraðila, Sigurjón M. Jónasson. Varnaraðilar hafa lagt þessa beiðni fyrir á þann hátt, að þau ætli sér að hafa matsgerð tiltæka til sönnunar um núverandi verðgildi hrossanna, ef síðar yrði tilefni til að telja verðmæti þeirra hafa rýrnað óeðlilega. Varnaraðilar kveða tilefni þessa einkum vera það, að þau gætu þá hagnýtt matsgerðina til að reisa á bótakröfu, sem þau kynnu að geta beint að öðrum sóknaraðilum en Sigrúnu, sem hafi afskipti af vörslum hennar á hrossunum.

Af framansögðu má leiða, að varnaraðilar leita matsgerðar í tilgangi, sem er ekki andstæður reglum um verðmat eigna í lögum nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl., sbr. einkum 2. mgr. 27. gr. laganna. Ekki er girt fyrir, að matsgerð í þessum tilgangi geti þjónað lögvörðum hagsmunum þeirra, en um sönnunargildi matsgerðarinnar verður ekki fjallað í máli þessu. Þykir því rétt að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Sóknaraðilar greiði varnaraðilum kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Það athugast, að meðferð héraðsdómara á beiðni varnaraðila um dómkvaðningu matsmanna hefur í ýmsum atriðum verið áfátt. Þannig heimilaði héraðsdómari lögmönnum aðila að leggja ítrekað fram skriflegar greinargerðir um röksemdir sínar með og á móti því, að umbeðin dómkvaðning færi fram. Þá hefur héraðsdómari ranglega farið með beiðnina, eins og um einkamál væri að ræða, rekið eftir almennum reglum. Loks er það aðfinnsluvert, að hinn kærði úrskurður er ekki í þeim búngingi, sem fyrir er mælt í 3. mgr. 112. gr. laga nr. 91/1991.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, Sigrún Júlíusdóttir, Júlía Sjöfn Sigurjónsdóttir og Ásdís Sigrún Sigurjónsdóttir, greiði óskipt varnaraðilum, Unnbjörgu Eygló Sigurjónsdóttur og Jónasi Hreini Sigurjónssyni, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 13. mars 1995.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 13. febrúar sl., eftir að lögmaður matsþola hafði skilað skriflegri greinargerð.

Matsbeiðendur eru Unnbjörg Eygló Sigurjónsdóttir, kt. 220140-3509, Rauðalæk 67, Reykjavík, og Jónas Hreinn Sigurjónsson, kt. 301044-3999, Lindargötu 15, Sauðárkróki.

Matsþolar eru Sigrún Júlíusdóttir, kt. 050607-3139, Syðra-Skörðugili, Seyluhreppi, Skagafirði, Júlía Sjöfn Sigurjónsdóttir, 200742-3629, Þórunnarstræti 106, Akureyri, og Ásdís Sigrún Sigurjónsdóttir, kt. 271249-4709, Syðra-Skörðugili.

Málið var þingfest 13. desember 1994, en í því þinghaldi komu fram mót-

mæli við dómkvaðningunni af hálfu matsþola. Lögmaður matsbeiðenda sótti ekki þing, heldur annar matsbeiðenda, ólöglerður. Í þessu þinghaldi var ákveðið að fresta málinu, svo að lögmanni matsbeiðenda gæfist kostur á að tjá sig skriflega um mótmælin. Var þetta gert í samráði við lögmann matsþola, sem kominn var til þingsins. Var ákveðið að taka málið næst fyrir 10. janúar sl. Daginn fyrir boðað þinghald hafði lögmaður matsþola samband við dóminn og kvaðst ekki hafa séð andsvar lögmanns matsbeiðenda. Sendi dómari lögmanninum andsvarið símleiðis. Í þinghaldi hinn 10. var lagt fram bréf lögmanns matsþola, þar sem hann óskaði eftir fresti til að tjá sig um andsvar lögmanns matsbeiðenda. Í þinghaldinu hinn 10. var ákveðið að gefa lögmanni matsþola frest til að skila greinargerð. Mál þetta hefur því verið flutt skriflega.

II.

Málavextir.

Hinn 6. september 1993 lést faðir matsbeiðenda, Sigurjón M. Jónasson, sem síðast bjó að Syðra-Skörðugili, Seyluhreppi, Skagafirði. Erfingjar hans auk matsbeiðenda eru móðir þeirra, Sigrún Júlíusdóttir, og systur þeirra, Júlía Sjöfn og Ásdís Sigrún.

Móðir matsbeiðenda fékk leyfi til setu í óskiptu búi 20. október 1993.

Matsbeiðendur segjast hafa reynt að fá föðurarf sinn greiddan út úr búinu, en það ekki tekist. Þau kveðast ekki treysta því, að móðir þeirra, sem sé 87 ára gömul, sé fær um að annast eignir búins, sem séu aðallega hrossa- eign. Matsbeiðendur hafi farið þess á leit við sýslumanninn á Sauðárkróki, að fram færi skrásetning og mat á eignum búins, með vísan til 2. mgr. 27. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Í framhaldi af því hafi Birni Mikaelssyni, yfirlögregluþjóni á Sauðárkróki, verið falið að skrifa upp og virða eignir búins.

Matsfundur hafi verið haldinn 20. maí sl., þar sem staddir hafi verið allir erfingjar eða umboðsmenn þeirra. Á þessum fundi hafi verið lögð fram matsgjörð dómkvaddra matsmanna, dags. 24. nóvember 1993. Matmenn þessir höfðu verið dómkvaddir af dóminum, að beiðni Sigrúnar Júlíusdóttur. Matsbeiðendur sættu sig ekki við mat dómkvaddra matsmanna.

Matsbeiðendur óskuðu ekki eftir yfirmati á matsgjörð Björns Mikaelssonar, dags. 28. maí 1994, sbr. heimild til þess í 22. gr. laga nr. 20/1991.

Matsþolar krefjast þess, að synjað verði um umbeðna dómkvaðningu og málinu vísað frá dómi. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi matsbeiðenda.

Matsbeiðendur gera ekki kröfu um málskostnað.

Málsástæður og lagarök.

Í matsbeiðni kemur hvergi fram, á hvaða grunni matsins sé krafist. Hins vegar kemur fram, að matsbeiðendur sætti sig ekki við mat dómkvaddra matsmanna og því óski þeir eftir því, að nýtt mat fari fram.

Matsþolar rökstyðja kröfu sína um frávisun í fyrsta lagi með því, að mál-ið eigi ekki undir héraðsdóm, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, og því beri að vísa málinu frá dómi ex officio. Í öðru lagi sé skiptum á dánarbúi föður þeirra lokið og að í II. kafla laga nr. 20/1991 komi fram nákvæm fyrirmæli um það, hvernig staðið skuli að uppskrift og mati á dánarbúum, meðan skiptum sé ekki lokið. Í 27. gr. sömu laga komi fram fyrirmæli um, hvernig með skuli fara, eftir að leyfi hafi verið veitt til setu í óskiptu búi. Í þessum greinum séu úrræði erfingja tæmandi talin, og þar komi skýrt fram, að kröfum skuli beint til sýslumanns, en ekki héraðsdóms. Í þriðja lagi þjóni dómkvaðningin, eins og hér standi á, engum tilgangi. Bú arfláta sé ekki undir skiptum. Engin krafa hafi komið fram um skipti á grundvelli 1. mgr. 15. gr. erfðalaga nr. 8/1962, og ekkert dómsmál sé í gangi vegna skiptanna.

Matsbeiðendur kveðast í athugasemdum sínum við mótmæli matsþola ekki vera að krefjast mats á grundvelli laga um skipti á dánarbúum o. fl., heldur séu þau að krefjast mats á grundvelli X. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, enda séu þau að afla sér sönnunargagna í hugsanlegu bótamáli á hendur matsþolum, öðrum en Sigrúnu Júlíusdóttur, vegna hugsanlegra ráðstafana á eignum búsins, sem þau telja aldraða móður sína ekki geta séð um. Matið ætli þau að nota í hugsanlegu bótamáli, ef þau telja eignir búsins hafa rýrnað óeðlilega vegna ráðstafana meðferingja sinna.

Matsbeiðendur kveða því beiðnina ekki fram komna á grundvelli skiptalaga, eins og matsþolar haldi fram. Matsbeiðendur kveða hverjum borgara þessa lands heimilt að afla sönnunargagna eftir almennum réttarfarsleiðum. Þeim, sem kunna að eiga hagsmuna að gæta af öflun slíkra sönnunargagna, skuli gefinn kostur á að vera viðstaddir alla framkvæmd þess, sbr. 5. mgr. 61. gr. laga um meðferð einkamála.

Þessum rökum matsbeiðenda hafna matsþolar og kveða sem fyrr, að dánarbú arfláta sé ekki undir skiptum. Ekki hafi komið fram nein krafa um skipti á grundvelli 1. mgr. 15. gr. erfðalaga nr. 8/1962, og ekkert dómsmál sé í gangi vegna búskiptanna. Þegar af þeirri ástæðu geti matsbeiðendur ekki farið fram á dómkvaðningu.

Skilyrði 1. mgr. 77. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 um lögvarða hagsmuni matsbeiðenda sé ekki um að ræða.

Eftir ákvæðum 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991 beri dómara að synja um sönnunarfærslu, ef hún skipti sýnilega engu máli, og af þeirri ástæðu hafi dómara borið að vísa málinu frá, strax og mótmælin lágu fyrir.

Um hugsanlega bótakröfu á hendur matspólum sé alls ekki að ræða og komi skiptamálinu ekki við. Ekkert bótamál sé í gangi milli matsbeiðenda og matspola, og hugsanleg bótakrafa á hendur matspólum síðar komi skiptamálinu ekkert við.

Loks sé krafa um mat á eignum þriðja manns fyrir kröfum, sem ekki njóti réttarverndar, inngríp í eignarrétt annarra skv. 66. og 67. grein stjórnar-skrárinnar, og það eitt nægi til frávísunar málsins.

IV.

Niðurstaða.

Í máli þessu er tekist á um kröfu matsbeiðenda þess efnis, að dómkvaddir verði matsmenn til að meta hrossaeign í dánarbúi Sigurjóns M. Jónssonar eða hvort hafna beri beiðninni og vísa henni frá dómi.

Krafa matspola um frávísun málsins er studd því, að málið eigi ekki undir héraðsdóm og að dánarbúið sé ekki undir skiptum, þar sem gefið hafi verið út búsetuleyfi. Því hafi átt að vísa því frá ex officio.

Að fram komnum mótmælum matspola gerðu matsbeiðendur nánari grein fyrir ástæðum matsbeiðinnar og segja hana setta fram í þeim tilgangi að afla sönnunargagna vegna hugsanlegs bótamáls á hendur meðerfingjum sínum síðar.

Samkvæmt 61. gr. laga nr. 91/1991 þarf þrennt að koma fram í matsbeiðni, í fyrsta lagi, hvað skuli meta, í öðru lagi, hvar það er, sem meta á, og í þriðja lagi, hvað eigi að sanna með matinu. Matsbeiðni sú, sem hér liggur fyrir, fullnægir þeim þremur skilyrðum, sem krafist er skv. 61. gr. laga nr. 91/1991.

EKKI er gert ráð fyrir, að matsbeiðni sé úr garði gerð líkt og stefna í almennu einkamáli. Mál þetta er því ekki almennt einkamál í skilningi einkamálalaga. Með dómkvaðningu matsmanna er almennt verið að afla sönnunargagna, án þess að víst sé, að þau verði notuð í dómsmáli síðar. Þrátt fyrir það að í 27. gr. laga nr. 20/1991 séu tæmandi talin úrræði meðerfingja við mat á eignum dánarbús, þar sem búsetuleyfi hefur verið gefið út, standa ákvæði hennar ekki í vegi fyrir því, að reynt sé að afla sönnunargagna fyrir dómi.

Í máli þessu er ekki ástæða til að fjalla um, hvort um bótagrundvöll sé hugsanlega að ræða, slíkt verður einungis gert í almennu einkamáli. Þá er ekki heldur ástæða til að taka á því, hvort það, að matsbeiðendur fóru ekki fram á yfirmat skv. ákvæðum 2. mgr. 22. gr. laga nr. 20/1991, muni hafa áhrif

á gildi matsgerðar þeirrar, sem hér er reynt að afla. Á það mun einnig reyna í hugsanlegu bótamáli.

Af þessum sökum er ekki ástæða til að vísa beiðni þessari frá dómi ex officio. Þá var ekki heldur ástæða til að láta fara fram sérstakan flutning um frávisunarkröfuna, enda er mál þetta ekki rekið á grundvelli XVI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Lögmönnum aðila var gefinn kostur á að skila skriflegum athugasemdum við kröfur sínar, og hafa þær komið fram af beggja hálfu.

Telja verður, að matsþolar eigi lögvarinna hagsmuna að gæta í skilningi 1. mgr. 77. gr. laga nr. 91/1991, enda er matsbeiðnin sett fram til að staðreyna kröfu eða atvik að baki henni.

Það er því niðurstaða dómsins, að matsbeiðendur hafi meiri hagsmuni af því, að matið nái fram að ganga, en matsþolar, að það nái ekki fram að ganga. Með því að mat þetta fari fram, verður ekki séð, að friðhelgi heimilisins sé skert eða að eignarréttur matsþola sé með nokkrum hætti skertur. Af þessum sökum standa ákvæði 66. og 67. gr. stjórnarskrárinnar ekki í vegi fyrir því, að mat þetta geti farið fram.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, er krafa matsbeiðenda tekin til greina.

Matsbeiðendur hafa ekki gert kröfu um málskostnað, og dæmist hann því ekki.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Beiðni Unnbjargar Sigurjónsdóttur og Jónasar Hreins Sigurjónssonar um, að dómkvaddir verði matsmenn til að meta eðlilegt markaðsverð á hrossum í dánarbúi Sigurjóns M. Jónassonar, eins og hún var 6. september 1993 og lýst er í sérstakri samantekt, er tekin til greina.
